

**Mál nr. 6/2009**  
**KSÍ**  
**gegn**  
**Selfossi**

**Bréf til Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ**

Sú ábyrgð hvílir á forráðamönnum liða er leika í mótum á vegum KSÍ að leikskýrslur séu rétt út fylltar og í samræmi við þau lög og reglugerðir sem í gildi eru. Rétt skráning á leikskýrslu er forsenda þess að hægt sé að ganga úr skugga um hlutgengi leikmanna í viðkomandi leik og því afar mikilvægt að þessi regla sé virt.

Í skýrslu dómara leiks Aftureldingar og Selfoss/KFR í 3. flokki karla, B liða, setur dómari fram athugasemd þess efnis að leikmaður Selfoss nr. 8. hafi ekki leikið undir réttu nafni og rangt nafn hafi vísitandi verið skráð á leikskýrsluna. Jafnframt kemur fram í athugasemd að grunur leiki á að fleiri nöfn hafi vísitandi verið ranglega skráð á leikskýrsluna.

Undirritaður hefur í samræmi við ákvæði greinar 38.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að vísa til aganefndar umræddri skýrslu og meintu broti Selfoss á ákvæðum greinar 40.1., 40.3. og 40.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Undirritaður lítur sérstaklega alvarlegum augum ef um brot er að ræða á greinum 40.3. og 40.4. , þ.e. að leikskýrsla sé vísitandi fyllt ranglega út og fölsuð af forráðamanni Selfoss.

Mótherji Selfoss í umræddum leik, Afturelding, hefur ekki kært athæfið og af þeim sökum hefur undirritaður ákveðið að nýta heimild greinar 38.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Meðfylgjandi er afrit af umræddri leikskýrslu og athugasemd dómara.

*Virðingarfyllst,*  
Þórir Hákonarson,  
*framkvæmdastjóri KSÍ.*

**Greinargerð Selfossar**

Okkur á Selfossi er ljóst að í þessum leik var ekki rétt skráð leikskýrsla, þjálfari okkar liðs sá um að skrifa hana og gerði það án vitundar strákana og okkar. Í ljósi þess að hann gerðist brotlegur við lög ksí var hann leystur frá störfum um leið og við fréttum af atvikinu. Við höfum talað við þá hjá Aftureldingu og beðist afsökunar á þessu framferði. Einnig höfðum við samband við ksí til að leita ráða hvað best væri fyrir okkur að gera. Unglingaráð knattspyrnudeildar Umf. Selfoss harmar svona vinnubrögð því okkar stefna er sú að fylgja lögum og reglum ksí í hvívetna. Við teljum okkur hafa brugðist rétt við og gert það sem nauðsynlegt var úr því sem komið var.

Kveðja,  
Sveinbjörn Másson  
*Framkvæmdastjóri*

## **Kæra KSÍ Dómkröfur**

Framkvæmdastjóri KSÍ krefst þess að forráðamanni Selfoss í leik Aftureldingar og Selfoss/KFR í 3. flokki karla, Antonie van Kasteren, verði refsað í samræmi við 12. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál vegna brota á greinum 40.3 og 40.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Auk þessa verði Knattspyrnudeild Umf. Selfoss refsað í samræmi við 12. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál enda ber félagið ábyrgð á viðkomandi forráðamanni sbr. grein 4. grein reglugerðar KSÍ um Knattspyrnumót.

## **Málavextir**

Í skýrslu dómara leiks Aftureldingar og Selfoss/KFR í 3. flokki karla, B liða, setur dómari fram athugasemd þess efnis að leikmaður Selfoss nr. 8. hafi ekki leikið undir réttu nafni og rangt nafn hafi vísvitandi verið skráð á leikskýrsluna. Jafnframt kemur fram í athugasemd að grunur leiki á að fleiri nöfn hafi vísvitandi verið ranglega skráð á leikskýrsluna.

## **Tilvísun**

Undirritaður hefur í samræmi við ákvæði greinar 38.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að vísa til aganefndar umræddri skýrslu og meintu broti Selfoss á ákvæðum greinar 40.1., 40.3. og 40.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Undirritaður lítur sérstaklega alvarlegum augum ef um brot er að ræða á greinum 40.3. og 40.4., þ.e. að leikskýrsla sé vísvitandi fyllt ranglega út og fölsuð af forráðamanni Selfoss.

## **Röksemdir**

Sjá lið1-3.

## **Sönnunargögn**

Afrit af leikskýrslu, athugasemd dómara og tilkynning frá Aftureldingu dags. 25. júní 2009.

## **Greinargerð Selfossar**

Sjá að ofan – ekki barst aftur greinargerð

## **Úrskurður frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ**

## **Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ**

Ár 2009, þriðjudaginn 25. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímanssoni, Helga Magnússyni og Sigurði I. Halldórssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2009

KSÍ  
gegn  
Knattspyrnudeild UMF. Selfoss/KFR

Skjöl málsins liggja frammi.

Nr. 1. Bréf framkvæmdastjóra KSÍ, ásamt fylgiskjöllum, dags. 24. júní 2009.

Nr. 2. Svar knattspyrnudeildar Selfoss/KFR, tölvupóstur 7. júlí 2009.

Nr. 3. Kæra KSÍ-Framkvæmdastjóri, 18. ágúst 2009.

Nr. 4. Tölvupóstur frá KSÍ, dags. 21. ágúst 2009.

Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

Kærandi:

Nafn: KSÍ

Kennitala: 700169-3679

Heimilisfang: Laugardalsvöllur

Póstnúmer: 104 Reykjavík

Símanúmer: 510-2900

Netfang: [thorir@ksi.is](mailto:thorir@ksi.is)

Fyrirsvarsmaður: Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ

Kærði:

Nafn: Knattspyrnudeild UMF. Selfoss/KFR

Kennitala: 690390-2569

Heimilisfang: Tíbrá, Engjavegi 50

Póstnúmer: 800 Selfoss

Símanúmer: 482-2447

Netfang: [knattspyrna@umfs.is](mailto:knattspyrna@umfs.is)

Mál þetta er mótttekið af Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ 24. júní 2009. Dráttur hefur orðið á meðferð málsins vegna anna og sumarleyfa. Undirritaður dómari Halldór Frímansson, fékk málið til meðferðar 13. ágúst s.l. Þá lágu fyrir skjöl nr. 1 og 2. Dómari hlutaðist til um að formhlið málsins væri lagfærð og var kæra send kærða til umsagnar 18. ágúst s.l. Auk þess var þjálfara kærða í leik liðanna sem mál þetta varðar, Antonie van Kasteren send kæran til umsagnar. Starfsmaður KSÍ staðfesti með tölvupósti 21. ágúst s.l. til dómara að kærði hefði engu við fyrri umsögn sína að bæta frá 7. júlí s.l. Jafnframt staðfesti starfsmaður að hún væri búin að reyna að hringja í þjálfarann en hann svari ekki. Hann hafi fengið gögnin send í pósti heim til sín og jafnframt í tölvupósti.

Kært er vegna leiks Aftureldingar og Selfoss/KFR í Íslandsmóti í 3. flokki karla, B liða sem fram fór 18. júní 2009 á Varmárvelli kl. 20.00. Úrslit leiksins 0-4.

Kærandi er KSÍ-framkvæmdastjóri í samræmi við ákvæði 38.3 gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kröfur: kæranda:

“Framkvæmdastjóri KSÍ krefst þess að forráðamanni Selfoss/KFR í leik Aftureldingar og Selfoss/KFR í 3. flokki karla, Antonie van Kasteren kt. 150765-2269, verði refsað í samræmi við 12. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál vegna brota á greinum 40.3 og 40.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Auk þess verði Knattspyrnudeild Umf. Selfoss refsað í samræmi við 12. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál enda ber félagðið ábyrgð á viðkomandi forráðamanni sbr. grein 4.grein reglugerðar KSÍ um Knattspyrnumót.”

Kærði viðurkennir brotið. Ekki er tekin afstaða til þess af hálfu kærða hvort brotið hafi verið vísitandi eða ekki.

## II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Í skýrslu dómara og leik liðanna, setur dómari fram athugasemd þess efnis, að leikmaður Selfoss/KFR nr. 8. hafi ekki leikið undir réttu nafni og rangt nafn hafi vísitandi verið skráð á leikskýrslu. Jafnframt kemur fram í athugasemd að grunur leiki á að fleiri nöfn hafi vísitandi verið ranglega skráð á leikskýrsluna.

Kærði kveður ljóst að í leik liðanna hafi ekki verið rétt skráð leikskýrsla, þjálfari liðsins hafi séð um að skrifa hana og gert það án vitundar strákanna. Í ljósi þess að hann hafi gerst brotlegur við lög KSÍ hafi hann verið leystur frá störfum um leið og forsvarsmenn kærða fréttu af atvikinu. Þeir hafi talað við Aftureldingu og beðist afsökunar á þessu framferði. Einnig hafi þeir haft samband við KSÍ til að leita ráða hvað best væri fyrir þá að gera. Unglingaráð knattspyrnudeildar kærða harmar svona vinnubrögð því þeirra stefna sé að fylgja lögum og reglum KSÍ í hvívetna. Kærði telur sig hafa brugðist rétt við og gert það sem nauðsynlegt var úr því sem komið var.

Þjálfari liðs kærða, Antonie van Kasteren hefur ekki látið málið til sín taka.

## III.

Kærandi vísar máli sínu til stuðning til 38.3 greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, varðandi kærheimild. Þá byggir kærandi á 40.3 og 40.4 gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og 12 gr. í reglugerð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ varðandi viðurlög. Auk þess vísar kærandi í 4. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót varðandi framkomu og ábyrgð.

## IV.

Niðurstaða:

Kært er vegna leiks Aftureldingar og Selfoss/KFR í Íslandsmóti í 3. flokki karla, B liða sem fram fór 18. júní 2009 á Varmárvelli kl. 20.00. Úrslit leiksins 0-4.

Skv. gögnum málsins kemur fram að leikmaður Selfoss/KFR nr. 8. hafi ekki leikið undir réttu nafni og rangt nafn hafi vísitandi verið skráð á leikskýrslu. Auk þess kemur fram í gögnum málsins að grunur leiki á að fleiri nöfn hafi vísitandi verið ranglega skráð á leikskýrsluna.

Þjálfari kærða Antonie van Kasteren kt. 150765-2269, skráði leikskýrsluna.

Kærði gengst við broti um ranga skráningu og vék þjálfaranum samstundis frá störfum. Ekki er tekin afstaða til þess af hálfu kærða hvort brotið hafi verið vísitandi eða ekki. Þjálfaranum hefur verið gefinn kostur á að gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins án þess að nýta sér það.

Um ranga skráningu á leikskýrslu er fjallað í 40.3 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Kærandi gerir kröfu um að kærði sæti viðurlögum skv. ákvæðinu:

*"Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 30.000 í meistaraflokki en 15.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 60.000 í meistaraflokki en 30.000 í öðrum flokkum."*

Auk þess er gerð krafa um að þjálfarinn sæti viðurlögum skv. 40.4 gr. þar sem mælt er fyrir um viðurlög við því að falska leikskýrslu:

*“Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.”*

Svo sem að framan greinir er ljóst að rangt nafn var skráð á leikskýrsluna. Með því er staðfest að annar maður lék fyrir kærða, en sá sem skráður er á leikskýrsluna. Með þessu atferli er brotið gegn ákvæði 40.3 gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og skal lið kærða í samræmi við það tapa leiknum sem mál þetta er sprottið af með markatölunni 3-0. Auk þess getur lið sem fyllir ranglega út leikskýrslu sætt sekt að upphæð allt að kr. 15.000. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 30.000. Skv. gögnum málsins er kært fyrir vísitandi brot á greininni og hefur því ekki verið mótmælt af hálfu kærða. Verður því við ákvörðun sektarviðurlaga úrskurðað að um vísitandi brot á 40.3. grein sé að ræða og er sekt kærða miðað við aðstæður ákveðin kr. 20.000.

Antonie van Kasteren kt. 150765-2269 sem falsaði leikskýrsluna skal sæta leikbanni í knattspyrnu frá uppkvaðningu úrskurðar til 25.febrúar 2010.

Í samræmi við ofangreint telst lið kærða Knattspyrnudeild Selfoss/KFR hafa tapað leik liðanna Aftureldingar og Selfoss/KFR í Íslandsmóti í 3. flokki karla, B liða, sem fram fór 18. júní s.l. á Varmárvelli kl. 20.00 með markatölunni 3-0. Þá skal lið kærða greiða kr. 20.000 í sekt til KSÍ. Antonie van Kasteren kt. 150765-2269, skal sæta leikbanni í knattspyrnu frá uppkvaðningu úrskurðar til 25. febrúar 2010.

## V.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

## VI.

### Úrskurðarorð:

**Knattspyrnudeild UMF. Selfoss/KFR telst hafa tapað leik liðanna Aftureldingar og Selfoss/KFR í Íslandsmóti í 3. flokki karla, B liða, sem fram fór 18. júní s.l. á Varmárvelli kl. 20.00 með markatölunni 3-0.**

**Knattspyrnudeild UMF. Selfoss/KFR greiði kr. 20.000 í sekt til KSÍ.**

**Antonie van Kasteren kt. 150765-2269, skal sæta leikbanni í knattspyrnu frá uppkvaðningu úrskurðar til 25. febrúar 2010.**

---

Halldór Frímansson

---

Helgi Magnússon

---

Sigurður I. Halldórsson